



Sage Fréttabréf No. 2:

Staða verkefnisins nú og viðfangsefnin framundan

Markmið SAGE verkefnisins er að þróa nýstárlegt menntunartilboð fyrir eldri borgara sem hjálpi þeim að búa sig undir þriðja skeið lífsins og að gera efri árin ánægjulegri, virðulegri og sjálfstæðari. Vinnuhópnum er ánægja að gera kynnt stöðu verkefnisins nú.

Val á viðfangsefnum og greining á mikilvægi einstakra þátta



Fyrsta viðfangsefni hópsins við þróun verkefnisins var að velja viðfangsefni sem hefðu mest notagildi, væru athyglisverðurs og í takt við tíðarandann fyrir eldra fólk. Í þeim tilgangi skoðuðum við fyrirfram gerða lista viðfangsefna á sviði heilsu, líkamsræktar, næringar, andlegrar heilsu, hugrænnar þróunar, hugrænnar hvatningar, félagstengsla, heimilishalds, samfélagsþjónustu og stjórn persónulegra þátta

Greiningin var unnin með fyrirfram ákveðinni aðferðafræði

Metin voru áhrif einstakra þátta á markmið og virkni eldra fólks til að gera okkur ljóst hvort þeir væru nægilega mikilvægir eða hvort einhverja mikilvæga þætti vantaði.

Að greiningu lokinni voru niðurstöður allra þátttakenda bornar saman og fengið gildi hvers reiknaðst þáttar með tilliti til hagnýtis og hversu áhugaverður hann væri.

Þættir sem þóttu síður áhugaverðir eða hagnýtir véku þá fyrir öðrum sem þóttu mikilvægari.

Einnig var bætt inn viðfangsefnum sem ekki höfðu verið með í upphafi. Á þennan hátt varð til niðurstaða um endanlegt innihald námskeiðakerfisins.

Vinnuhópurinn álitur að valin hafi verið fjölbreytt viðfangsefni sem valdefli eldra fólk á bestan mögulegan hátt og séu samtímis athyglisverð og viðeigandi

Þróun námskeiðslýsinga



Fyrsta áfanga fylgdi annar áfangi, þar sem hver þátttakandi bar ábyrgð á ákveðnu sviði viðfangsefna. Þar var á hverju sviði nöfn einstakra námskeiða, innihald hvers námskeiðs og markmið hvað varðar þekkingu, færni og hæfni sem námskeiðið ætti að skila til þátttakenda

Einnig tímalengd hvers námskeiðs

Þróun námskeiðsáætlunar



Námskeiðslýsingum var fylgt eftir með því að skipta námskeiðunum upp í einingar og einstakar kennslustundir

Upplýsingar og boð um samstarf eða athugasemdir til áhugasamra




Verkefnið sem er Erasmus+ samstarfsverkefni fimm þjóða hefur verið kynnt opinberlega og hver sé tilgangur og markmið verkefnisins á vefsíðum og tengslaneti samstarfsaðilanna. Einnig hefur verið leitast við að ná tengslum við fleiri aðila sem verkefnið varðar bæði alþjóðlega og í hverj landi fyrir sig. Í heildina eru um 170 aðilar sem láta sig verkefnið varða á þessu stigi. Þar eru á meðal þjónustumiðstöðvar, dagvistir, búsetuþjónusta, félög eldri borgara, háskólar þriðja aldurskeiðsins, heilsustofnanir og sjúkraþjálfarar. Þessir aðilar dreifa upplýsingum um verkefnið og kynna fyrir þeim sem væntanlega hafa áhuga á þessu námstilboði.

Annar sameiginlegur fundur allra þátttakenda



Annar fundur samstarfshópsins átti að vera á Íslandi dagana 18. og 19. Júní í sumar hjá Fjölmennt. Því miður gat ekki orðið af þeim fundi vegna COVID-19 farsóttarinnar og var fundinum frestað til 24 og 25. september. Að lokum var hann endanlega felldur niður. Í staðinn var haldinn netfundur 18. Júní, Á þeim fundi var staðan tekin og lagðar línur fyrir næsta áfanga verksins. Aftur var felldur niður fundur í september og netfundur var haldinn 24. September þar sem rætt var um námskeiðsáætlanir og lagðar línur fyrir næsta áfanga sem er undirbúningur gagna fyrir námskeiðþátttakendur og undirbúningur kennslugagna og kennsluleiðbeininga. Einnig var byrjað að leggja drög að námsgögnum fyrir leiðbeinendur og þátttakendur á þjálfunarnámskeiði og matsgögnum fyrir námskeiðshaldara. Áfram er stefnt að fundi í Slóveníu í janúar 2021.

Næstu áfangar



Contact Us: sage@kmop.eu



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

The European Commission's support for the production of this newsletter does not constitute an endorsement of the contents, which reflect the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.